

Greinargerð um fund undirnefndar IMO um framkvæmd alþjóðagerninga (III Subcommittee)

Undirnefnd III, sem heyrir undir siglingaöryggisnefnd (MSC), hélt 4. fund sinn dagana 25. - 29. september 2017 í aðalstöðvum IMO í Lundúnum. Fyrir hönd Íslands sat fundinn Sverrir Konráðsson fagstjóri í siglingum og þýðingum hjá Samgöngustofu.

Fjöldi aðildarríkja IMO, frjálsra félagasamtaka og áheyrnarfulltrúa sat fundinn. Hér er stiklað á stóru um efni fundarins og niðurstöður hans.

Fjallað um ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar (IUU)

Undirnefndin samþykkti nokkur tilmæli sem miða að því að takast á við ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar, frá þriðja sameiginlega vinnufund IMO/Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar (IUU) og tengd málefni sem haldinn hafði verið í nóvember 2015 í höfuðstöðvum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Tillögurnar varða mikilvæga þætti eins og gildistöku og framkvæmd viðeigandi alþjóðlegra gerninga, einkum Cape Town samningsins og þróun skilvirks vegvísis. Einnig auðkenni fiskiskipa og notkun IMO-skírteinisnúmerakerfisins, samræmd framkvæmd skipaskoðunarkerfa, samstarf milli skrifstofu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, FAO og ILO, einkum um sameiginlegar áætlanir um þjálfun og uppbyggingu þekkingar og miðlun gagna. Tillögurnar taka einnig til almennrar siglingaáhættu og umhverfismála.

Víkkun gildissviðs IMO-skírteinisnúmerakerfisins

Undirnefndin lagði til að víkka út gildissvið skírteinisnúmerakerfis IMO þannig að það nái til fleiri skipa með valkvæðum hætti. Samþykkt voru drög að ályktun þingsins sem leggja skal fram á 30. allsherjarþingi IMO til samþykktar.

Númerakerfið gildir um skip yfir 100 BT

Gert er ráð fyrir að tillagan gildi um fiskiskip með stálbol eða úr öðru efni en stáli, farþegaskip undir 100 brúttótonnum, háhraðafarþegaför og færanlega borpalla í alþjóðasiglingum. Þar að auki öll vélknúin fiskiskip undir 100 brúttótonnum niður að stærðarmörkunum 12 metrar að lengd sem heimilt er að starfrækja utan hafsvæða sem eru undir lögsögu fánaríkisins.

Hafnarríkiseftirlit - endurskoðuð málsmeðferð samþykkt

Undirnefndin lauk við drög að þingsályktun um málsmeðferð við hafnarríkiseftirlit sem felur í sér samantekt á viðmiðunarreglum sem tengjast hafnarríkiseftirliti. Ályktunin verður lögð fyrir 30. allsherjarþing IMO til samþykktar.

Hin nýja ályktun uppfærir fyrri málsmeðferð um hafnarríkiseftirlit sem samþykkt var árið 2011 (ályktun A.1052 (27)). Endurskoðunin felur einkum í sér leiðbeiningar um ISM-kóðann, skírteinisútgáfu sjómanna, hvíldartíma og mönnun auk málsmeðferðar um sjálfviljuga snemminleiðingu breytinga á SOLAS-samþykktinni frá 1974 og skyldum bindandi gerningum.

Undirnefndin vakti einnig athygli á niðurstöðum þriðju sameiginlegu ráðherraráðstefnu Parísar- og Tókýó-samkomulagsins um hafnaríkiseftirlit í Vancouver þar sem samþykkt var yfirlýsing um að vernda hafið með því að útiloka siglingar undirmálsskipa og efla siglingaöryggi á heimsvísu. Þess má geta að Ísland sótti þessa ráðstefnu. Undirnefndin gerði einnig góðan róm að röð námskeiða á vegum IMO fyrir skrifstofustarfsmenn og skjalastjóra á vegum PSC MoU.

Uppfærðar skoðunarhandbækur samkvæmt samhæfðu kerfi fyrir skoðanir og útgáfu skírteina (HSSC)

Endurskoðaðar og uppfærðar skoðunarhandbækur samkvæmt samhæfðu kerfinu fyrir skoðanir og útgáfu skírteina (HSSC) voru samþykktar og verða lagðar fyrir 30. allsherjarþing IMO til samþykktar. Endurskoðunin felur í sér kröfur sem leiða af öllum breytingum á lögboðnum IMO-gerningum sem öðlast gildi til og með 31. desember 2017.

Skrá, sem er ekki tæmandi, yfir skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykktum sem falla undir III-kóðann (non-exhaustive list of obligations)

Undirnefndin vann drög að þingsályktun sem felur í sér skrá, sem er ekki tæmandi, yfir skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykktum sem falla undir III-kóðann um innleiðingu alþjóðasamþykktar. Þar með taldar eru kröfur sem leiða af öllum breytingum á viðeigandi lögboðnum IMO-gerningum sem öðlast gildi til og með 1. júlí 2018 og beitt er í tengslum við úttektaráætlun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMSAS). Þingsályktunin verður lög fyrir 30. þing IMO til samþykktar.

Slysarannsóknarskýrslur gerðar opinberar og aðgengilegar

Gögn og skýrslur um slys og atvik á sjó liggja frammi í opinberum IMO-gagnagrunninum GISIS, <https://gisis.imo.org/Public/MCI/Default.aspx> (skráning þarf).

Undirnefndin benti á að nýjar og eldri skýrslur um slysarannsóknir hafi verið gerðar aðgengilegar en skýrslugjafarríkjum er heimilt að breyta aðgengi að eigin skýrslum.

Greining skýrslna og sá lærdómur sem draga má af þeim

Undirnefndin samþykkti að miðla upplýsingum um þann lærdóm sem draga má af sjóslýsagreiningum og hvatti til þess að aðildarríki tilkynntu einnig atvik þar sem lá við slysi í því skyni að stuðla að bættri öryggismenningu.

Framboð á fullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum - skýrslur berast

Undirnefndin benti á að á árinu 2016 hafi verið greint frá 70 tilkynningum tilvika um meinta ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum sem bárust frá átta fánaríkjum og einu yfirráðasvæði Breska konungsríkisins. Þar af var vísað til 51 skýrslu um ófullnægjandi móttökustöðvar í höfnum samkvæmt kröfum V. viðauka MARPOL (sorp), fimm samkvæmt I. viðauka (olíu), tveggja skýrslna samkvæmt II. viðauka (kemísk efni) og IV. viðauka (skólp) og 10 skýrslur fjölluðu um fleiri en eina tegund úrgangs.

Heildarfjöldi sorpflokka sem greint var frá voru 282 og féll þeir undir 30 hafnarstjórnir. Sex hafnarstjórnir brugðist við aðgerðum sem gripið var til sökum meintra ófullnægjandi skýrslna sem náðu yfir 15,7% af heildarskýrslum sem lagðar voru fyrir 2016.

IMO hefur gefið út handbókina „Port Reception Facilities - How to do it“, sem veitir leiðbeiningar um hvernig á að tryggja fullnægjandi þjónustu móttökuaðstöðu hafna. Í

leiðbeiningunum frá 2017 um framkvæmd V. viðauka MARPOL (ályktun MEPC.295 (71)) er að finna leiðbeiningar (kafla 6.3) fyrir aðildarríkisstjórnir að koma á fót viðeigandi hvatakerfi til að tryggja að farið sé að V. viðauka MARPOL.

Undirnefndin hvatti aðildarríkin til að tilkynna stofnuninni hvers kyns meinta vanhæfni. Einnig var hvatt til þess að uppfæra og endurskoða núverandi gögn um móttökustöðvar hafna og að hafnir og gámastöðvar fjárfesti í auknum mæli í viðunandi móttökustöðvum hafna.

Nálgast má upplýsingar um móttökustöðvar hafna og tilkynningar um meinta ófullnægjandi aðstöðu í höfnum í GISIS gagnagrunninum <https://gisis.imo.org/Public/PRF/Default.aspx>

Fundur með starfsmanni IMO um IMSAS-mál

Undirritaður átti fund með Mr. Aji Vasudevan frá skrifstofu IMO, en hann starfar í Member State Audit Department. Hann starfaði áður hjá Siglingastofnun Indlands og hefur tekið þátt í fjölmörgum úttektum IMO á aðildarríkjum. Hann gaf góðar leiðbeiningar og svaraði greiðlega þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hann. Bréf hafa farið á milli forstjóra IMO og samgönguráðherra þar sem tímasetning úttektar er tilkynnt. Hún fer fram í júní 2019. Tjáði honum að undirbúningur gangi vel hjá okkur. Vasudevan sagðist reiðubúinn að aðstoða okkur á alla lund við undirbúning úttektarinnar.

Sverrir Konráðsson
Samhæfingarsviði SGS